



## Aðstæður sem gætu komið upp með hinsegin fólki (æfingar og umræður)

**Dæmi 1:** Pavel er karlmaður sem hefur verið í samböndum með konum og körlum. Hann hefur verið að hitta Þorgrím, nýja kærasta sinn, í um sex mánuði. Áður fyrr hafði Pavel verið í stuttum samböndum með bæði körlum og konum og var í sambúð með konu í um átta mánuði. Hann á fimm ára gamalt barn með þeirri konu.

**Umræður:** Hvernig gæti Þorgrímur notað vitneskju sína um hinseginleika Pavels og fortíð hans til þess að beita hann ofbeldi?

**Dæmi 2:** Dan er manneskja sem hvorki skilgreinir sig sem karl né konu. Dan notar fornafnið hán í staðinn fyrir hann eða hún. Þar sem Dan var úthlutað kvenkyni við fæðingu tjáir hán sig á kvenlegan máta í vinnunni. Dan hefur verið í sambandi með Ásu í um þrjá mánuði, en Ása skilgreinir sig sem lesbíu.

**Umræður:** Hvernig gæti Ása notað þá vitneskju sem hún hefur um Dan til að beita hán ofbeldi?

**Dæmi 3:** Aníta er tvíkynhneigð kona og gift karlmanni sem heitir Björn. Þau byrjuðu að hittast fyrir um fimm árum en giftu sig fyrir tveimur árum. Áður fyrr hafi Aníta næstum eingöngu átt í ástarsamböndum við konur. Vinnufélagar hennar, sem og vinir og fjölskylda vita öll að hún er tvíkynhneigð og að hún hafi átt kærustur.

**Umræður:** Hvernig gæti Björn notað fortíð Anítu og hinseginleika hennar til þess að beita hana ofbeldi?

**Dæmi 4:** Símon og Róbert hafa verið „hjásvæfur“ í næstum áratug. Þeir skilgreina sig báðir sem homma. Símon hefur nánast eingöngu verið í kynferðislegum og rómantískum samböndum með sís körlum, en Róbert hefur verið í nokkrum samböndum með trans körlum sem hafa verið á mismunandi stigum kynleiðréttingar.

**Umræður:** Hvernig gæti Símon notað það sem hann veit um Róbert, bæði það hvernig hann skilgreinir sig og sambandssögu hans til þess að beita hann ofbeldi?

**Dæmi 5:** Daníella er trans kona sem hefur ekki fengið breytingu á nafni eða kyni hjá Þjóðskrá. Þegar hún hringir í þjónustumiðstöðina til að panta viðtalstíma gefur hún upp kennitölu sem er tengd gamla nafninu hennar (Jónas) en hún óskar eftir því að vera kölluð Daníella. Þegar á þjónustumiðstöðina er komið kallar félagsráðgjafinn fyrst upp nafnið „Jónas“ og segir svo „eða Daníella?“. Hann byrjar svo samtalið þeirra á því að spyrja: „Ertu kominn hingað í staðinn fyrir Jónas? Ég átta mig ekki alveg á þessu“.

**Umræður:** Hvernig hefði félagsráðgjafinn getað tæklað þessar aðstæður betur? Hvernig teljið þið best fyrir félagsráðgjafann að halda viðtalinu áfram til þess að tryggja að Daníellu líði sem best og að hægt sé að byggja upp traust þeirra á milli?